

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skrifstofa loftslagsmála  
Skuggasundi 1  
101, Reykjavík

Reykjavík, 30.06.2021

### **Efni: Umsögn RARIK varðandi hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum**

Vísað er til máls nr. 129/2021 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið birtir til umsagnar hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum. Hvítbókin er unnin af starfshóp sem ráðherra skipaði í desember 2020.


RARIK fagnar áformum stjórnvalda um aðlögun samfélagsins að loftslagsbreytingum og tekur undir þau markmið sem lýst er í kafla 7 um Orku og orkumál, sér í lagi þeim sem snúa að dreifikerfum orku.

RARIK vill jafnframt koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um textann í annarri málsgrein þar sem fjallað er um fjarvarmaveitur. Í textanum kemur fram: „Orkubú Vestfjarða rekur fimm fjarvarmaveitur á Vestfjörðum og RARIK tvær fjarvarmaveitur á Austfjörðum“.

RARIK rekur eina fjarvarmaveitu í dag, þar sem að hitaveitan á Höfn í Hornafirði er ekki lengur fjarvarmaveita, heldur jarðhitaveita frá og með síðustu áramótum. Jafnframt vantar í textann að HS Veitur reka eina fjarvarmaveitu í Vestmannaeyjum.

Tillaga RARIK að texta er því þessi: „Orkubú Vestfjarða rekur fimm fjarvarmaveitur á Vestfjörðum, RARIK rekur eina fjarvarmaveitu á Austfjörðum og HS Veitur reka eina fjarvarmaveitu í Vestmannaeyjum.“

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þór Haraldsson  
Forstjóri